

Ákærði Harry greiði skipuðum verjanda, Páli A. Pálssyni hrl., kr. 2.500 í málsvarnarlaun og kr. 2.000 vegna réttargæslu sama lögmanns.

Ákærði, Kjartan Skaftason, fæddur 29. desember 1959 í Reykjavík, skal sæta varðhaldi í 60 daga.

Ákærði Kjartan greiði kr. 15 þúsund í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi varðhald í 30 daga í sektar stað.

— — —  
 Ákærðu G, Harry, M, E og Kjartan greiði in solidum matsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði dags. 18. júlí 1983, alls kr. 2.713.

— — —  
 Þann hluta sakarkostnaðar, sem ekki hefur verið sérgreindur, greiði ákærðu in solidum.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 207 grömm af hassi, merktu efnaskrá nr. 990 og 996, 1.3 gramm af hassi, merktu efnaskrá nr. 1003. . . . Þá skulu upptækar til ríkissjóðs kr. 83.000 og 50 þýsk mörk, merkt munaskrá nr. 326. Allt ofangreint er nú í vörslum dómsins.

Föstudaginn 19. október 1984.

Nr. 194/1984. **Protabú Skrifstofutækni h/f**

gegn

**Alþýðubankanum h/f**

**Gerði Kristjánsdóttur**

**Leó M. Jónssyni**

**Bandag-hjólbarðasólun h/f**

**Bergi Björnssyni og**

**Guðmundi Óskarssyni**

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Málshöfðunarfræstur.

Áfrýjun. Málskostnaður.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. töluliðar 21. greinar laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. september 1984, er barst réttinum 3. þ.m. Hann krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið upp af nýju og kveða upp í því efnisdóm og að málskostnaðarákvæði í dóminum verði fellt úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðiljanna Gerðar Kristjánsdóttur, Leós M. Jónssonar, Bergs Björnssonar og Guðmundar R. Óskarssonar er þess krafist, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og að kröfu um, að málskostnaðarákvæði í dóminum verði fellt úr gildi, verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að málskostnaðarákvæðið verði staðfest. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja. Greinargerð hefur eigi borist frá varnaraðiljunum Alþýðubankanum h/f og Bandag-hjólbaraðasólun h/f.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um frávísun málsins frá héraðsdómi.

Lagaheimild brestur til áfrýjunar máls þessa. Er ákvæði 3. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973 eftir grunnrökum sínum því eigi til fyrirstöðu, að málskostnaðaratriðið sé borið undir Hæstarétt í sambandi við kæru samkvæmt b lið 1. tölul. 21. gr. laga nr. 75/1973. Verður kröfu sóknaraðilja varðandi málskostnað í héraði því eigi vísað frá Hæstarétti.

Fallast má á, að málskostnaðarkrafa Bergs Björnssonar og Guðmundar R. Óskarssonar fyrir héraðsdómi hafi verið í fullu gildi, en málskostnaður til þeirra þykir hæfilega ákveðinn samtals 15.000.00 krónur. Að öðru leyti er málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um frávísun er staðfest.

Sóknaraðili, Þrotabú Skrifstofutækni h/f, greiði varnaraðiljunum Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni 15.000.00 krónur í málskostnað í héraði. Að öðru leyti fellur málskostnaður í héraði niður svo og kærumálskostnaður.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júlí 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní 1984, er höfðað af Guðjóni Steingrímssyni hrl. f.h. þrotabús Skrifstofutækni h.f., nnr. 8167-7875, Reykjavík, á hendur Benedikt Davíðssyni, Víghólastíg 5, Kópavogi, stjórnarformanni í Alþýðubankanum h.f., nnr. 0268-4446, Reykjavík, f.h. bankans Gerði Kristjánsdóttur, nnr. 2591-5712, Ásbúð 48, Garðabæ, Leó M. Jónssyni, nnr. 6075-7550, Nesvegi 13, Hafnarhreppi, Bandag-hjólbarðasólun h.f., nnr. 0950-4818, Dugguvogi 2, Reykjavík, Bergi Björnssyni, nnr. 1054-9736, Ásbúð 48, Garðabæ, og Guðmundi R. Óskarssyni, nnr. 3097-3364, Ármúla 40, Reykjavík. Það var þingfest hinn 6. september 1983 sem fjögur mál, en þau voru sameinuð í mál þetta hinn 6. apríl 1984, þar sem málahöfðun var byggð upp á sama grunni í öllum málunum að því er varðar lagarök og sýnileg sönnunargögn, sbr. 117. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að riftað verði ráðstöfunum þrotamanns skv. gjaldþrotalögum nr. 6/1978 og að stefnda Alþýðubankanum h.f. verði gert að endurgreiða stefnanda kr. 655.584.90 með 34% ársvöxtum frá 27. september 1982 til 31. október 1982, en 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 6. september 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, sbr. lög nr. 56/1979 um dómvexti, *þar af in solidum* með Gerði Kristjánsdóttur kr. 166.999.00 með 34% ársvöxtum frá 27. september 1982 til 31. október 1982, en 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 6. september 1983, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, *þar af in solidum* með stefnda Leó M. Jónssyni kr. 328.128.00 með 34% ársvöxtum frá 27. september 1982 til 31. október 1982, en 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 6. september 1983, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og *þar af in solidum* með stefnda Bandag-hjólbarðasólun h.f., kr. 160.456.00 með 34% ársvöxtum frá 27. september 1982 til 31. október 1982, en 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 6. september 1983, en dómvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu og 19% ársvaxta af dæmdum málskostnaði frá lokum aðfararfrests til greiðsludags eða lægri vaxta að mati dómsins.

Hinn 26. apríl sl., féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni, en þeir halda fast við kröfu sína um málskostnað úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Stefnandi hefur harðlega mótmælt þessari kröfu á þeirri forsendu, að hún hafi ekki verið höfð uppi í því þinghaldi, þegar fallið var frá kröfum á hendur þeim.

Aðrir stefndu hafa allir krafist sýknu og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi stefnanda. Stefndi Alþýðubankinn

h.f., krefst til vara, að komi til einhvers konar viðurkenningar á dómkröfum stefnanda, verði stefnanda gert að tryggja stefnda Alþýðubankanum h.f. endurkröfufurtt á hendur hinum þinglýstu veðeigendum, er hagsmuna nutu af greiðslu Skrifstofutækni h.f. til bankans. Við þær aðstæður er einnig krafist lækkunar á kröfufjárhæð og vaxta- og málskostnaðarkröfu sérstaklega mótmælt. Stefndu Gerður Kristjánsdóttir og Leó M. Jónsson hafa til vara krafist verulegrar lækkunar á dómkröfunum og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi stefnanda..

*Málavextir.*

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að með úrskurði Skiptaréttar Reykjavíkur hinn 15. nóvember 1982 hafi bú Skrifstofutækni h.f. verið tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni félagsins. Undanfari þessa hafi verið samþykkt, sem gerð var á aðalfundi félagsins 4. september 1982 um að slíta félaginu. Á þeim fundi hafi Bergur Björnsson, formaður félagsstjórnar, og Guðmundur R. Óskarsson verið kjörnir skilnefndarmenn. Löggildingu til starfans hafi þeir hlotið 8. september sama ár og auglýsing um innköllun hafi verið birt í Lögbirtingablaðinu hinn 24. september sama ár. Á skiptafundi hinn 16. febrúar 1983 hafi skiptaráðandi kynnt ýmsar fjárhagslegar ráðstafanir sem fyrirvarsmenn félagsins höfðu gert frá því um miðjan ágúst 1982 og til upphafs skipta og sem skiptaráðandi taldi að væru til þess fallnar, að um riftun þeirra kynni að vera að ræða. Hafi skiptafundurinn samþykkt að höfða mál til riftunar á allmörgum slíkum ráðstöfunum og lögmönnunum Guðjóni Steingrímssyni hrl. og Sigurði G. Guðjónssyni hdl. verið falið að fara með þessi mál af hálfu búsinns. Meðal þeirra mála, sem þannig hafi verið samþykkt að höfða, sé mál þetta, en nánari tildrög séu þessi: Bergur Björnsson hafi skýrt frá því fyrir skiptarétti Reykjavíkur hinn 17. nóvember 1982, að aðstandendur félagsins hafi á síðustu vikum, áður en rekstur þess var lagður niður, reynt að selja eignir félagsins í einu lagi, en án árangurs. Með kaupsamningi, dags. 24. ágúst 1982, hafi félagið selt þeim Erni Johnson og Ólafi Kr. Sigurðssyni 3 superbrain tölvur, prentara og ýmis fleiri tæki jafnframt því sem kaupendur hafi yfirtekið umboð fyrir nokkur erlend fyrirtæki. Hafi kaupverð hins selda verið ákveðið kr. 1.000.000.00 og hafi kaupendur samþykkt víxla fyrir allri upphæðinni. Með bréfi, dags. 8. september 1982, afhenti Bergur Björnsson Alþýðubankanum hf. fjóra af þessum víxlum, hvern að fjárhæð kr. 166.667.00 með gjalddögum 13. september, 27. september, 4. október og 18. október 1982, eða alls kr. 666.668.00. Samkvæmt bréfinu skyldu kr. 100.000.00 ganga til greiðslu á víxli pr. 07. 12. 1981, en afgangurinn ganga að jöfnu uppí vanskilalán Skrifstofutækni við bankann, sem séu með þremur fasteignaveðum. Hinn

17. september 1982 hafi bankinn afreiknað víxlana, og var nettó andvirði þeirra skv. dskj. nr. 13:

víxill pr. 13. 09. 1982 .....	kr. 166.667.00
víxlar pr. 27. 09. 04. 10 og 18.10. ....	— 488.917.00
	<hr/>
Alls	kr. 655.584.90(sic)

og ráðstafaði bankinn andvirðinu þannig:

1. Til greiðslu vegna láns félagsins nr. 150054 hjá bankanum skv. veðskuldabréfi, upphaflega kr. 100.000.00, útgefið 18. 02. 1981, með 2. veðrétti í fasteigninni Sólvangi, Hafnarheppi, eigandi Leó M. Jónsson, annar framkvæmdastjóri félagsins og stjórnarmaður. Greiddar voru fallnar afborganir og vextir pr. 15. 08 1981, pr. 15. 02. 1982 og 15. 08 1982 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, alls ..... — 132.726.00
2. Til greiðslu vegna láns félagsins nr. 150053 skv. veðskuldabréfi, dags. 18. 02. 1981, upphaflega kr. 100.000.00, með 8. veðrétti í fasteigninni Ásbúð 48, Garðabæ, eigandi Gerður Kristjánsdóttir, eiginkona stefnda Bergs Björnssonar. Greiddar voru fallnar afborgarnir pr. 15. 08. 1981, 15. 02. 1982 og 15. 08. 1982 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, alls: ..... — 131.696.00
3. Til greiðslu vegna láns félagsins nr. 150064 skv. veðskuldabréfi, útgefnu 9. mars 1981, upphaflega kr. 100.000.00, með 3. veðrétti í fasteigninni Krókhálsi 1, Reykjavík, Eigandi Bandagshjólbarðasólunin h.f. Greiddar voru afborganir pr. 09. 09. 1981, 09. 03. 1982 og 09. 09. 1982 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, alls ..... — 125.153.00
4. Til greiðslu vanskilavíxils að fjárhæð kr. 100.000.00, samþykkt af félaginu pr. 07. 12. 1981, en skuldin var tryggð með fjárnámserð í Nesvegi 13, Hafnarheppi, eign Leós M. Jónssonar, samtals með dráttarvöxtum og kostnaði,

alls .....	— 160.099.00
	<u>kr. 549.674.00</u>

5. Varið til jafnra innborgana inn á eftirstöðvar framangreindra þriggja skuldabréfa ..... — 105.910.90(sic)
- kr. 655.584.90

Sundurliðun kröfufjárhæðar kr. 655.584.90 á hendur stefnda Alþýðubankanum h.f. samsvarar ofangreindri greinargerð.

Fjárkröfur kr. 328.128.00 á hendur stefnda Leó M. Jónssyni sundurliðar stefnandi þannig: kr. 132.726.00 í afborganir og vexti af skuldabréfi nr. 150054, tryggðu með 2. veðrétti í fasteigninni Sólvangi, nú Nesvegi 13, Hafnahreppi, eign hans, kr. 160.099.00 vegna greiðslu vanskilavíxils, tryggðum með fjárnámsgerð í sömu eign, kr. 35.303.00 greiðsla upp í eftirstöðvar framangreinds skuldabréfs.

Fjárkröfur kr. 166.999.00 á hendur stefndu Gerði Kristjánsdóttur sundurliðar stefnandi þannig: kr. 131.696.00 vegna afborgana, vaxta og kostnaðar af skuldabréfi nr. 150053, tryggðu með 8. veðrétti í fasteign hennar Ásbúð 48, Garðabæ, kr. 35.303.00 greiðsla upp í eftirstöðvar framangreinds skuldabréfs. Er hér um að ræða hærri fjárhæð en greinir í stefnu en stefnda hefur heimilað hækkun á kröfugerð, er því nemur.

Fjárfkrafa kr. 160.456.00 á hendur Bandag-hjólbarðasólun h.f. sundurliðast þannig: kr. 125.153.00 vegna skuldabréfs nr. 150064, tryggðu með 3. veðrétti í fasteigninni Krókhálsi 1, Reykjavík, eign stefnda Bandag-hjólbarðasólun h.f. kr. 35.303.00 vegna greiðslna upp í eftirstöðvar skuldabréfs.

Það athugast, að mismunur er á sundurliðun kröfugerðar stefnanda og stefnukröfunni að því er nemur kr. 1.90.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Í stefnu styður stefnandi kröfur sínar í fyrsta lagi þeim rökum, að greiðslur til Alþýðubankans h.f. séu riftanlegar skv. 120. gr. laga um hlutafélag nr. 32/1978. Telur stefnandi, að fyrirsvarsmenn bankans hafi ekki verið í góðri trú um heimildarskort Bergs Björnssonar til að afhenda bankanum víxla hinn 8. september 1982 eða sama dag og skilanevnd félagsins fékk löggildingu, en Bergur Björnsson og Guðmundur R. Óskarsson voru kjörnir skilanevndarmenn á aðalfundi félagsins 4. september sama ár. Ráðstöfun víxlanna hafi verið óheimil, þar sem hún hafi bersýnilega verið til þess fallin að afla ákveðnum hluthöfum og öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins, en slíkt sé óheimilt skv. 60. gr., 1. mgr.,

sömu laga. Stefnandi telur þó, að endurgreiðsluskylda bankans leiði af 120. gr. sömu laga, hvort heldur fyrirvarsmenn bankans hafi verið í góðri trú eða ekki, og beri bankanum því skylda til að greiða búinu alla fjárhæðina, kr. 655.584.90, in solidum með skilaneftarmönnum Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni. Svo sem áður er greint, hefur stefnandi hins vegar fallið frá kröfum sínum í máli þessu á hendur Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni, og í munnlegum málflutningi hreyfði stefnandi ekki þessari málsástæðu og lagarökum.

Þá byggir stefnandi riftunarkröfu sína á VIII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, einkum 54. gr. og 61. gr., en jafnframt á 62. og 67. gr., sbr. 63. gr.

Kröfu sína á hendur Alþýðubankanum h.f. styður stefnandi þeim rökum, að með tilvísun til 54. gr. gjaldþrotalaga hafi greiðsla félagsins til bankans verið innt af hendi í óvenjulegum greiðslueyri, þ.e.a.s. í víxlum, hún hafi ráðið úrslitum um gjaldfærni þrotamanns og hafi átt sér stað áður en eðlilegt var. Enda þótt bankinn hafi með höndum þá starfsemi að kaupa víxla, hafi afhending þessara víxla ekki verið sala viðskiptavíxla með venjulegum hætti, heldur hafi hér verið um að ræða andvirði verulegs hluta eigna félagsins og hafi forráðamenn bankans um það vitað. Þar sem hér hafi verið um að ræða andvirði verulegs hluta eigna félagsins, hafi greiðsla þessi að hluta ráðið úrslitum um gjaldfærni þrotamanns. Greiðslan hafi farið fram á síðustu 6 mánuðum fyrir frest dag. Þar eð greiðslan hafi komið bankanum að fullum notum, sbr., 62. gr. sl., beri bankanum að endurgreiða fjárhæðina. Þá byggir stefnandi riftunarkröfu sína á hendur bankanum ennfremur á 61. gr. gjaldþrotaskiptalaga, enda heldur hann því fram, að greiðslurnar til bankans hafi á ótilhlýðilegan hátt verið honum til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Bendir hann sérstaklega á, að Alþýðubankinn h.f. hafi verið viðskiptabanki félagsins og starfsmönnum hans mæta vel kunnugt um, hvernig komið hafi verið fjárhag félagsins, þegar greiðslurnar fóru fram. Megi því telja fullvíst, að forráðamenn bankans og lögmaður hans hafi ekki verið í góðri trú um gjaldfærni félagsins á þeim tíma, sem ráðstöfunin var gerð. Hafi félagið átt töluverð viðskipti við bankann á undanfórnum árum og bankanum hljóti að hafa verið ljóst, að hverju stefndi, enda beri sum bréf lögmanns bankans til félagsins vitni um það. Ennfremur hljóti bankinn að hafa vitað, að félagið hafði hætt starfsemi sinni á þessum tíma og að víxlarnir voru andvirði meirihluta eigna félagsins. Heldur stefnandi því fram, að líklegt sé, að bankinn hafi talið þýðingarlaust að ganga að félaginu fyrir kröfum sínum, enda hafi bankinn beðið um uppboð á hinum veðsettu eignum og hafi gengið að Leó M. Jónssyni, ábyrgðarmanni á víxli að fjárhæð kr. 100.000.00, sem félagið hafði samþykkt pr. 07. 12. 1981, í stað þess að beina kröfum sínum að félaginu sjálfu með aðstoð dómstóla.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á hendur stefndu Gerði Kristjánsdóttur, Leó M. Jónssyni og Bandag-hjólbarðasólun h.f. í meginráttum á sömu rökum og krefst með tilvísun til 61., 67., sbr. 63. gr. gjaldþrotaskiptalaga riftunar ráðstöfunar og endurgreiðslu vegna greiðslna félagsins til stefnda Alþýðubankans h.f., svo sem nánar greinir í sundurliðun kröfugerðar stefnanda hér að framan.

Stefnandi leggur annars áherslu á tengsl aðilja við félagið. Eiginmaður stefndu Gerðar, Bergur Björnsson, hafi verið annar framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og skilaneftarmaður í Skrifstofutækni h.f. og hafi honum því verið vel kunnugt um stöðu þess félags, þegar greiðslurnar fóru fram, en þær hafi verið til þess fallnar að ívilna stefndu á kostnað annarra kröfuhafa. Ljóst sé, að stefnda Gerður hafi losnað undan skuldbindingu sinni, með því að eiginmaður hennar afhenti Alþýðubankanum h.f. víxla, sem um ræðir í málinu, en andvirði þeirra hafi meðal annars gengið til að greiða skuld tryggða með veði, sem hvíli á húsi hennar. Ráðstöfun þessi hafi átt sér stað aðeins rúmlega tveimur mánuðum áður en félagið var úrskurðað gjaldþrota.

Stefndi Leó M. Jónsson hafi verið annar framkvæmdastjóra, hluthafi og stjórnarmaður í Skrifstofutækni h.f. og hafi honum því verið vel kunnugt um stöðu þess félags, þegar greiðslurnar fóru fram, en þær hafi verið til þess fallnar að ívilna honum á kostnað annarra kröfuhafa.

Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri hins stefnda félags Bandag-hjólbarðasólun h.f. Pétur Rafnsson, hafi verið hluthafi í Skrifstofutækni h.f. og fyrrverandi stjórnarmaður í því félagi. Því er haldið fram, að hann hafi verið vel kunnugur fjárhagslegri stöðu Skrifstofutækni h.f., þegar greiðslurnar fóru fram, en þær séu til þess fallnar að ívilna hinu stefnda félagi á kostnað annarra kröfuhafa í búinu.

— — —

#### *Niðurstaða dómsins.*

— — —

Við uppskrift á búinu hinn 17. nóvember 1982 kemur fram í skýrslu Bergs Björnssonar, stjórnarformanns og annars framkvæmdastjóra félagsins, „að aðstandendur félagsins hafi á síðustu vikum áður en rekstur þess var lagður niður, reynt að selja eignir félagsins í einu lagi, en án árangurs ... að umboð félagsins fyrir fyrirtækið Rank Xerox og Intertech hafi verið yfirtekin, um það leyti er rekstur félagsins var lagður niður, af Erni Johnson og Ólafi Kr. Sigurðssyni ... að aðilar þessir hafi jafnframt keypt birgðir af vörum, er tilheyrdi umboðum þessum. Hafi þeir greitt að mætta minnir kr. 1.000.000.00 til félagsins vegna þessara kaupa, og hafi sú fjárhæð verið

greidd á skömmum tíma.“ Þá kemur jafnframt fram í endurriti af uppskriftargerðinni, að Bergur Björnsson tjáði skiptaráðanda, „að ráðstafanir með fjármuni þessa (þ.e.a.s. þá fjármuni, er fjallað var um við uppskriftargerðina) komi fram í bókhaldsgögnum félagsins, sem hann kveðst munu afhenda skiptaráðanda í næstu viku.“ Framhald á uppskrift búsins fer fram 16. desember 1982 og 3. febrúar 1983, en ekki er þá spurt nánar ut í ráðstöfun ofangreinds söluandvirðis eigna að andvirði kr. 1.000.000.00. Ekkert kemur frekar fram í skjölum máls þessa um ráðstöfun fjárens fyrr en á skiptafundi hinn 16. febrúar 1983, að skiptaráðandi dreifði yfirliti yfir ráðstafanir fyrirsvarsmanna félagsins með fjármuni þess frá því um miðjan ágústmánuð 1982 og til upphafs skipta. Á þeim fundi var samþykkt m. a. „að höfða mál til riftunar á hendur Alþýðubankanum h.f., Bergi Björnssyni, Leó M. Jónssyni og Bandag h.f. á greiðslu félagsins til bankans á verðtrygðum kröfum, samtals að fjárhæð kr. 655.584.90,“ sem er ráðstöfun hluta ofangreinds söluandvirðis eigna félagsins og stefnufjárhæð máls þessa.

Af framangreindu þykir ljóst, að skiptaráðandi hafi fengið upplýsingar um sölu eigna skv. kaupsamningi, dags. 24. ágúst 1982, þegar við upphaf skipta, eða hinn 17. nóvember 1982. Skv. bókun skiptaréttar þann dag skyldi Bergur Björnsson afhenda skiptaráðanda bókhaldsgögn með nánari útlistun um ráðstafanir söluandvirðisins viku síðar. Eigi verður séð, að spurt hafi verið nánar út í ráðstöfun þessa við framhaldsuppskriftargerðir. Verður því ekki annað séð en að skiptaráðandi hafi átt þess kost þegar í lok nóvember 1982 að leita samþykkis skiptafundar til höfðunar riftunarmáls þessa. Af því leiðir, að frestur til málshöfðunar þessarar skv. 68. gr. gjaldþrotalaga var liðinn, er mál var höfðað með stefnu, birtri á hendur stefnda Bandag-hjólbarðasólun h.f. hinn 26. ágúst 1983, sbr. 103. gr. l. 85/1936 um meðferð einkamála, en öll málin voru þingfest hinn 6. september s.á. Jafnvel þótt miða bæri upphaf málshöfðunarfrests við ákvörðun skiptafundar hinn 16. febrúar 1983, þá teldist hann hafa verið liðinn, er mál var höfðað. Þar sem málshöfðunarfrestur var liðinn skv. 68. gr. gjaldþrotalaga, sbr. 103. gr. einkamálalaga, og ekki liggur fyrir sérstakt samkomulag aðilja um lengingu málshöfðunarfrests, ber þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Stefnandi féll frá kröfum sínum á hendur stefndu Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni hinn 26. apríl sl., án þess að mál þeirra væri hafið. Telja verður þrátt fyrir mótmæli stefnanda, að málskostnaðarkrafa þeirra sé í fullu gildi, og þykir eftir atvikum rétt að úrskurða þeim in solidum kr. 30.00.00 í málskostnað, að öðru leyti skal málskostnaður falla niður.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

## D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, þrotabú Skrifstofutækni h.f., greiði stefndu Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni in solidum kr. 30.000.00 í málskostnað. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Mánudaginn 22. október 1984.

Nr. 126/1982. **Bjarni J. Guðmundsson**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

gegn

**úthlutunarmönnum atvinnuleyfa**

**leigubifreiðastjóra í Reykjavík**

**og samgönguráðherra**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Leigubifreiðar. Atvinnuleyfi. Vanhæfi stjórnvalds.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s.m. Hann gerir þær dómkröfur, „að ógilt verði með dómi afturköllun úthlutunarmanna atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík, dags. 17. maí 1974, þar sem stefnandi er sviptur atvinnuleyfi, sem hann hefur haft samkv. lögum nr. 25/1955 og reglugerð um takmörkun leigubifreiða og ráðstöfun atvinnuleyfa í Reykjavík, sem og staðfesting samgönguráðuneytisins, dags. 9. sept. 1976, á umræddri afturköllun.

Jafnframt er þess krafist að úthlutunarmönnum og/eða samgönguráðuneytinu verði gert að gefa út og afhenda viðkomandi aðilum nauðsynleg skjöl og skilríki til staðfestingar á atvinnuleyfi stefnanda til aksturs leigubifreiða í Reykjavík í óbreyttri mynd, þ.e. með öllum þeim réttindum og skyldum er í atvinnuleyfinu fólust, er stefnandi öðlaðist það í upphafi.“